

Fundarboð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 11/2018
Fundarritari: Raket Ýr Sigurðardóttir	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Jón Egill Hafsteinsson (JEH) formaður upplýsingaráðs Liljar Már Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi	Fundarstaður: Borgartún 35, Rvík Dags: 5. júní 2018 Frá kl. 17:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	
Gestur: Undir lið 9, Önnur mál: Hulda Sólrún Guðmundsdóttir varaformaður í Evrópustjórn WOSM.	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.	KÓ
20	3	Fjármál 1. Uppgjör BÍS fyrsta ársfjórðung AGS fór yfir tölur úr rekstraráætlun 2018. Allt á réttu róli. KÓ sendir áfram á stjórn til frekari skoðunar. 2. Úlfljótsvatn KÓ og AGS fóru yfir stöðuna, SSR eru með minniháttar athugasemdir sem er verið að skoða. Boltinn er hjá þeim. Verið að skoða hvernig verður staðið að uppbygging á svæðinu, SSR á landið. Verkefni ganga vel en nauðsynlegt að yfirfara verðskrár og framboð á dagskrá á svæðinu. Bókanir og markaðsmál heyrja nú undir Raket Ýr Sigurðardóttur viðburðastjóra og hefur það fyrirkomulag reynst vel. Gengur ágætlega að ráða starfsfólk. Stjórn ÚSU verður mynduð þegar samningurinn hefur verið kláraður.	AGS/KÓ HÓV/ LMP/KÓ

		<p>3. Grænir skátar – húsnæðismál Verið að klára kaupsamning á húsnæði við Eldshöfða 18 í Reykjavík, tvö bil munu fara undir gjafaumbúðavinnslu og eitt bil undir tjaldaleigu og annan búnað. Skipulagsyfirlönd voru í gær að kynna skipulagsmál á svæðinu við Hraunbæ. Ýmis tækifæri fyrir okkar sem KÓ mun seinna kynna betur fyrir stjórn.</p> <p>4. Umbun aldursbila/landsmótsstjórna – kynning KÓ, HÓV og LMP hittust og skoðuðu hvað væri verið að gera, kynntu helstu niðurstöður. Félögin hafa verið að gefa hluti sem skátar eru ánægðir með að nota. Vilja fara slíka leið, umbunað í takt við stærð verkefnis. Allt verður gegnsætt og upp á borði. MM tekur áfram og fær athugasemdir frá stjórn.</p>	
15	4	<p>Stjórnsýsla</p> <p>1. Skipun Úlfljótsvatnsstjórnar – kynning AGS kynnt tillögu að 5 manna stjórn sem að stjórn BÍS skipar. Hægt að vera með útkall (open-call), en við þurfum góða samsetningu af fólki. Verður unnið svipað og með Græna skáta. KÓ og AGS skoða áfram með eignarformið.</p> <p>2. Ný skilgreining og meginmarkmið ungmennaráðs – tillaga BLB kynnt niðurstöður funda ungmennaráðs. Aðalmarkaðmið hingað til hefur verið að efla unga skáta í ákvarðanatöku BÍS. Vilja aðra nálgun, styðja við rekka- og róverskáta og efla skáta utan af landi. Niðurstaða var þrjúþætt, 1. halda þrjú kaffihúsakvöld með það að markmiði að komast að því hvað rekka- og róverskátum finnst um þá stefnu sem er verið að vinna í hjá BÍS. 2. Rekkastarf, mikið af öflugum skátum komin í ungmennaráð, vilja fara í útilugu með rekkaskátum skipulagt af rekkaskátum. 3. Róver skátar skiptast á að vera með viðburði sem eru opnir öllum. KÓ bendir á að nýta styrktarsjóðinn. MM kemur með tillögu að ungmennaráð sé talsmenn heimsmarkmiðanna. Stjórn er sáttt við þessa vinnu og hvetur þau til að taka áfram.</p> <p>3. Einföldun á verkefnavinnu BÍS – tillaga HÓV hitti á forsvarsmenn Asana og fór yfir hvaða áskoranir við stæðum fyrir. Fékk góða kynningu á kostum kerfisins. HÓV fór yfir kerfið og sýndi stjórn helstu kosti. Stjórn skoðar hvernig Asana hentar hverjum og einum.</p> <p>4. Skátaréttur – staða mála Umræður um hvernig best sé að standa að málum eftir að skátaréttur var lagður niður. AGS fær umboð stjórnar til að vinna áfram.</p>	AGS/KÓ BLB HÓV AGS
10	5	<p>Viðburðir og fræðsla</p> <p>1. Dagsetning Landsmóts 2020 – tillaga Stjórn samþykkir að næsta Landsmót skáta sé 9.-16. júlí á Akureyri. Það er sama ár og European Jamboree. KÓ ræðir við Tryggva á Hömrum og Rakel Ýr Sigurðardóttir býr til útkall (open-call) fyrir mótsstjóra.</p>	HÓV/ LMP/KÓ BN JEH

		<p>2. 9th European Scout Education forum – Ferð kynnt og hugmyndir um innleiðingu lagðar fram Björk Norðdahl fór með Þórhalli Sigurðssyni í dagskráráði á ráðstefnuna og kynnti hún helstu niðurstöður ferðarinnar. Tók hún sem dæmi að Bretar eru að fara inn í skólastarf með skátastarfið, vilja skoða hvort að BÍS geti gert svipað. Gott að horfa til Breta með hvernig er hægt að fá fólk í afmörkuð verkefni. Belgar hafa gert miklar rannsóknir á áhrifum skátastarfs. Mikið talað um heimsmarkmiðin. Gaman að sjá hvað Evrópskir skátar standa framarlega og margt sem við getum tekið okkur til eftirbreytni þar.</p> <p>3. Scout Communications Forum – Ferð kynnt og hugmyndir um innleiðingu lagðar fram JEH og Unnur Líf Kvaran fóru til Tallinn, tóku mikinn lærdóm með sér heim. Fengu kynningu á hvernig maður kemur með nýtt vörumerki, hvernig er hægt að viðhalda því og af hverju það er mikilvætt að hafa gott vörumerki. Lærðu að gera samskiptaáætlun (Communication strategy plan). JEG og Unnur Líf Kvaran eru búin að setja sér markmið hvernig unnið verður áfram. MM skorar á þau að koma með samskiptaáætlun á næsta fund.</p>	
10	6	<p>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</p> <p>1. Kynningarvika – kynning Forma kynningarviku þar sem allir geta komið með hugmyndir. Lista upp tillögur sem hægt er að koma áfram á skátafélögin.</p>	JEH
20	7	<p>Vinnuhópar og staða verkefna</p> <p>1. Vinnuhópur um fræðslu og námskeið. Niðurstaða kynnt og lagðar fram tillögur að framhaldi. Tímabil hópsins var 3. mars – 31. maí 2018. HÓV ræddi um að vinnuhópurinn hefði ekki gengið nægilega vel. Búinn var til rammi þar sem einingar miðast út frá skátaaðferðinni, námskeiðslýsingarrammi. Vilja gefa SÁ frjálsar hendur á að móta efnið.</p> <p>2. Vinnuhópur um félagaprennuna. Niðurstaða kynnt og lagðar fram tillögur að framhaldi. Tímabil hópsins var 3. mars – 31. maí 2018. DÝÓ sendi skjal með niðurstöðum, tilraunafélögin sex munu áfram vinna að verkefninu. Búið að kynna tímalínu fyrir þeim félögum sem taka þátt. Starfsráð tekur boltann og nýi vinnuhópurinn eru þessi sex félög. Tilraunaverkefni til eins árs, ef að það gengur vel þá verða niðurstöður kynntar á næsta skátaþingi.</p> <p>3. Ný heimasíða – staða JEG hefur fengið tilboð frá Noregi, jákvæð viðbrögð frá stjórn og upplýsingaráði. Hitti dagskráráði í gær og skrifuðu upp hvað þyrfti að skoða áður en farið væri af stað í gerð nýrrar síðu. Tæknimenn eru að skoða hversu auðvelt er að færa norsku síðuna yfir á íslensku. Mikil umræðu um félagaráðsvef, hvað eigi að gera með framhaldið.</p>	<p>BN/DÝÓ/ HÓV</p> <p>BN/DÝÓ/ HÓV</p> <p>JEH/KÓ MM HÓV HÓV</p> <p>Allir</p>

		<p>4. Hittingur stjórnar og ráða – tillaga að dagsetningu Umræða um hvað stjórn vill fá út úr þessari helgi. Vísað til markmiðavinnu með Viktori Ómarssyni.</p> <p>5. Stuðningsefni sveitarforingja – hvatakerfi – tillaga Vísað til fundar með Viktori Ómarssyni. Stjórn samþykkir að nota ofin merki.</p> <p>6. Stuðningsefni sveitarforingja – sveitarforingjamappa – tillaga Formleg tillaga var lögð fram fyrir því að vinna sveitaforingjamöppu sem inniheldur foringjahandbók. Arnór Bjarki Svarfdal hefur mikinn áhuga að vinna að þessu verkefni. Mappan mun innihalda foringjahandbókina, spjöld sem til heyra áherslum eða námskeiðum hverju sinni, leikjabanka og viðbragðsáætlun. AGS bendir á að skoða hver kostnaðurinn er við svona verkefni. Stjórn samþykkir að vinna verkefnið áfram.</p> <p>7. 12 mánaða markmið um starf ráðanna – umræður og afgreiðsla. Frestað til næsta fundar.</p>	
10	8	<p>Starfsmannamál Þrjár umsóknir komu í starf erindreka, tveir mjög frambærilegir einstaklingar sem verða boðin störf. Stjórn samþykkti ráðningar til 12 mánaða.</p>	KÓ
20	9	<p>Önnur mál</p> <p>1. Samstarfsmöguleikar við Skátagildin – kynning MM og DÝÓ fóru yfir fundinn með skátagildunum. Gildin bentu á að hópar eins og þeir sem standa að skátaafninu, skátakórinn og fleiri eiga ekki heima undir BÍS. Það getur skapað vandræði ef hóparnir hætta að starfa. Hugmynd þeirra er að þessir hópar starfi undir gildunum sem tilheyra BÍS. Bent var á að gildin eru gott bakland þar sem er verið að virkja skátastarf. Einnig aðrir samstarfsmöguleikar og kennsla. MM skoðar betur hverjir samstarfsmöguleikarnir eru.</p> <p>2. Fundur með forseta Íslands 4. júní – kynning MM, KÓ og Júlíus Aðalsteinsson hittu á Guðna Th. Jóhannesson forseta. Forsetinn samþykkti að ganga í FOSE og verður gengið frá því á sama hátt og var gert fyrir Ólaf Ragnar Grímsson fyrrverandi forseta. Einnig var Æskulýðsvettvangurinn, Norðurlandasamstarfið, verkefnið um íslenska fánann og heimsmarkmiðin kynnt fyrir forsetanum.</p> <p>3. Hulda Sólrún Guðmundsdóttir varaformaður Evrópustjórnar WOSM kynnir fund stjórnarinnar á Íslandi í lok júní. Hulda Sólrún Guðmundsdóttir fór yfir heimsókn Evrópustjórnar WOSM á Íslandi. Hún óskaði eftir að BÍS taki vel á móti fólkinu og að stjórn BÍS fari með hópnum út að borða. FOSE móttaka verður kl. 18 á föstudeginum.</p>	DÝÓ/BLB/ MM MM/KÓ HSG

	<p>Evrópustjórnin fundar á föstudag í Skátamiðstöðinni og fram að hádegi á sunnudag.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Sækja á flugvöll – umferðamiðstöð • Matur á föstudegi • Matur í hádegi í Skátamiðstöðinni • Taka á móti Julijana Daskalov, tengilið okkar við stjórn WOSM • Stjórn BÍS hittir hópinn á föstudagskvöldið • Hópurinn gistir á Hótel Íslandi • Skoðunarferð á laugardagskvöldið <p>Fleira ekki tekið fyrir og farið í stefnumótunarvinnu.</p>	

Verkefni BÍS framundan:

9.-10. júní	Drekaskátamót, Úlfliótsvatni (eins og áður, með viðameiri dagskrá)
júní	Auður djúpúðga - útivistaráskorun rekkaskáta
4.-5.	Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða 10:00-14:00
4.-6.	Námskeið fyrir sumarstarfsfólk 16:00-20:00
5.	Verndum þau námskeið f/ungmenni, kl. 16:30
17. júní	Þjóðhátíðardagur Íslendinga. BÍS tekur saman lista og deilir – eins og fyrir sumardaginn fyrsta
20.-24.	Landsmót Dróttskáta í Viðey (Landnemar)
2.-8. júlí	Adventure Race í Færeyjum
5.-8.	Landsmót Fálkaskáta á Laugum í Sælingsdal
12.-15.	Landsmót rekka- og róverskáta í Básun/(Þórsmörk)
16.-21. júlí	Euro Mini Jam, Færeyjum
23.júlí-2.ág.	Roverway, Hollandi
18	Menningarnótt Reykjavíkurborgar